

Verklagsreglur um verðbréfavíðskipti

1.gr. Gildissvið og markmið

Reglur þessar eru settar samkvæmt 5. tl. 2. mgr. 29. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.

Þær gilda um stjórn, endurskoðunarnefnd, starfsfólk og fjölskyldur þeirra. Það starfsfólk sem kemur ekki að verkefnum sem geta valdið hagsmunaárekstrum og hefur ekki aðgang að innherjaupplýsingum eða öðrum trúnaðarupplýsingum sem tengjast verðbréfavíðskiptum sjóðsins er undanþegið ákvæðum 7. og 9. gr. reglnanna um tilkynningaskyldu og undirritun yfirlýsingar.

Markmið með reglunum er að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í starfsemi sjóðsins og tryggja vandaða starfshætti sem stuðla að trúverðugleika sjóðsins, stjórnar hans og starfsfólks.

2.gr. Skilgreining

Merking hugtaka í reglum þessum er sem hér segir:

Fjölskylda:

Maki, sambúðaraðili eða samvistarmaki og ófjárráða börn.

Trúnaðarupplýsingar:

Nægjanlega tilgreindar upplýsingar sem ekki hafa verið gerðar opinberar og varða beint eða óbeint útgefendur fjármálagerninga, fjármálagerningana sjálfa eða önnur atriði og eru líklegar til að hafa marktæk áhrif á markaðsverð fjármálagerninga ef opinberar væru. Tilkynningar til skipulegra verðbréfamarkaða eða markaðstorga fjármálagerninga (MTF) teljast opinberar upplýsingar þegar þeim hefur verið miðlað þaðan. Aðrar upplýsingar teljast opinberar þegar þeim hefur verið miðlað á verðbréfamörkuðum með opinberum og viðurkenndum hætti.

Fjármálagerningar:

- a. Verðbréf, þ.e. þau framseljanlegu verðbréf, að undanskildum greiðsluskjölum, sem hægt er að eiga víðskipti með á fjármagnsmarkaði, svo sem:
 - i. hlutabréf í fyrirtækjum og önnur verðbréf sem eru ígildi hlutabréfa í fyrirtækjum, sameignarfélagum eða öðrum lögaðilum og heimildarskírteini fyrir hlut,
 - ii. skuldabréf eða skuld á verðbréfaformi, þ.m.t. heimildarskírteini vegna slíkra verðbréfa,
 - iii. önnur verðbréf sem veita rétt til að kaupa eða selja verðbréf eða leiða til uppgjörs í reiðufé sem ræðst af verðbréfum, gjaldmiðlum, vöxtum eða ávöxtunarkröfum, hrávörum eða öðrum vísitölum eða mælikvörðum.
- b. Peningamarkaðsskjöl, þ.e. þeir flokkar gerninga sem víðskipti fara venjulega fram með á peningamarkaði, svo sem ríkisvixlar, innlánskírteini og víðskiptabréf að undanskildum greiðsluskjölum.
- c. Hlutdeildarskírteini.

- d. Valréttarsamningar, framtíðarsamningar, skiptasamningar, framvirkir vaxtasamningar og aðrar afleiður sem byggjast á verðbréfum, gjaldmiðlum, vöxtum, ávöxtunarkröfu, öðrum afleiðum, fjárhagslegum vísitölum eða fjárhagslegum viðmiðum sem gera má upp efnislega eða með reiðufé.
- e. Hrávöruafleiður.
- f. Afleiður til yfirfærslu lánaáhættu.
- g. Samningar um fjárhagslegan mismun.
- h. Aðrar afleiður sem ekki falla undir d–g-lið en hafa sömu eiginleika og þær afleiður.

3.gr. Meðferð trúnaðarupplýsinga

Þeir einstaklingar sem falla undir þessar reglur og búa yfir eða hafa aðgang að trúnaðarupplýsingum er óheimilt að:

- a. afla eða ráðstafa slíkum fjármálagerningum með beinum eða óbeinum hætti, fyrir eigin reikning eða annarra.
- b. láta þriðja aðila trúnaðarupplýsingar í té, nema það sé gert í eðlilegu sambandi við starf, stöðu eða skyldur þess sem upplýsingarnar veitir,
- c. ráðleggja þriðja aðila á grundvelli trúnaðarupplýsinga að afla fjármálagerninga eða ráðstafa þeim eða hvetja að öðru leyti til viðskipta með fjármálagerningana.

4.gr. Markaðshegðun

Þeir einstaklingar sem falla undir þessar reglur er óheimilt að taka þátt í, stuðla að eða hvetja til viðskipta með fjármálagerninga eða annarra aðgerða í því skyni að gefa ranga mynd af umfangi viðskipta með tiltekna fjármálagerninga eða hafa óeðlileg eða óhæfileg áhrif á verðmyndun í viðskiptum með fjármálagerninga.

Jafnframt er þeim óheimilt að eiga viðskipti fyrir eigin reikning með því að nýta sér í eigin þágu viðskiptakjör sem sjóðurinn kann að njóta hjá þriðja aðila.

Enn fremur skulu þeir ekki eiga viðskipti með einstaka fjármálagerninga á sama tíma og sjóðurinn eða sem sjóðurinn hyggst eiga viðskipti með fyrir eigin reikning í nánustu framtíð þegar þeir hafa vitneskju um slík viðskipti vegna starfsins.

5.gr. Þagnarskylda

Stjórn, endurskoðunarnefnd og starfsfólk eru bundin þagnarskyldu um allt það sem þau fá vitneskju um í starfi og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls.

Þess ber ætíð að gæta að trúnaðarupplýsingum og upplýsingum sem þagnarskylda hvílir á sé ekki miðlað til fleiri aðila en brýna nauðsyn ber til í hverju tilviki.

Sjóðurinn hefur reglur um hvaða einstaklingar hafa aðgang að trúnaðarupplýsingum og hvernig þeir miðla slíkum upplýsingum sín á milli.

Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

6.gr. Hæfi

Einstaklingur sem fellur undir þessar reglur verður vanhæfur til að eiga aðild að ákvörðun um viðskipti sjóðsins með fjármálagerninga ef hann hefur hagsmuna að gæta, sem kann vera í bága við hagsmuni sjóðsins eða gagnaðilans í viðskiptunum. Sama gildir ef um er að ræða ákvarðanir sem tengjast fjölskyldu hlutaðeigandi, venslamönnum eða fyrirtæki, þar sem hann kann að eiga umtalsverðra hagsmuna að gæta sem eigandi, stjórnarmaður eða starfsmaður.

Sé einstaklingur sem fellur undir þessar reglur og er kunnugt um ástæður sem geta valdið vanhæfi skal án tafar vekja athygli á þeim ástæðum.

7.gr. Tilkynningarskylda

Stjórn, endurskoðunarnefnd og það starfsfólk sem kemur að verkefnum sem geta valdið hagsmunarárekstrum eða hefur aðgang að innherjaupplýsingum eða öðrum trúnaðarupplýsingum sem tengjast verðbréfavíðskiptum sjóðsins skal að eigin frumkvæði tilkynna framkvæmdastjóra um öll sín viðskipti með fjármálagerninga samdægurs, þegar það á við, og eigi síðar en við upphaf næsta vinnudags eftir að þau voru gerð. Tilkynna skal um viðskipti með afleiðusamninga bæði þegar þeir eru gerðir og við uppgjör. Viðskipti með fjármálagerninga skal tilkynna hvort sem þau eru gerð í nafni hlutaðeigandi, fjölskyldu hans, eða félags sem hann eða fjölskylda hans á ráðandi hlut í.

Eftirfarandi viðskipti eru undanþegin tilkynningarskyldu:

- a. Eigin viðskipti sem framkvæmd eru í eignastýringu þar sem engin samskipti hafa farið fram í tengslum við viðskiptin milli sjóðstjórans og hlutaðeigandi einstaklings.
- b. Eigin viðskipti með hlutdeildarskírteini í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum sem uppfylla skilyrði laga nr. 128/2011 að því tilskildu að hlutaðeigandi einstaklingur taki ekki þátt í stjórnun viðkomandi sjóðs.

Þau sem þessar reglur taka til eiga að upplýsa um eign sína í fjármálagerningum er þau taka við starfinu og jafnframt tilkynna um tengsl sín við einstaklinga sem þau eru í fjárfélagi við eða annast fjármál eða gæta hagsmuna fyrir, m.a. með stjórnarsetu. Einnig skal tilkynna framkvæmdastjóra þegar breytingar verða.

Sjóðurinn heldur skrá um tilkynningarskyld viðskipti samkvæmt framangreindu þar sem skráðar eru upplýsingar um fjármálagerninga, fjárhæð nafnverðs, kaupverð og tímasetningu kaupa.

8.gr. Rannsóknarskylda

Leiki vafi á því hvort fyrirhuguð viðskipti geti samrýmst ákvæðum þessara reglna eða séu önnur atvik með þeim hætti að ákvæði þessara reglna eigi við skulu þau sem reglur þessar taka til leita álits formanns stjórnar sjóðsins, eftir því sem við á, sem sker úr um slík atriði áður en viðskipti eru framkvæmd eða önnur skref stigin sem gætu brotið gegn reglunum.

9.gr. Undirritun yfirlýsingar

Stjórn, endurskoðunarnefnd og starfsfólk sjóðsins undirrita yfirlýsingu um að þau hafi kynnt sér og maka sínum þessar reglur og skuldbindi sig til að hlíta þeim. Sjá yfirlýsingu í viðauka I.

10.gr. Eftirlit

Formaður stjórnar og framkvæmdastjóri

- a. sjá um að bera ábyrgð á kynningu þessara reglna meðal stjórnar, endurskoðunarnefndar og starfsfólks og tryggja að þau staðfesti skriflega að þau hafa kynnt sér þær.
- b. sjá til þess að reglurnar séu almennt á vitorði stjórnar, endurskoðunarnefndar og starfsfólks og að þær séu jafnan aðgengilegar fyrir þá sem undir þær heyra,
- c. hafa eftirlit með að reglunum sé fylgt, s.s. að tryggja að yfirlýsingar séu undirritaðar sbr. 9 gr.

Framkvæmdastjóra er þó heimilt að fela til þess bærnum starfsmanni að fara með daglegt eftirlit með framkvæmd þessara reglna.

Tilkynningar samkvæmt þessum reglum skulu sendar framkvæmdastjóra eða starfsmanni sem hefur verið falið daglegt eftirlit með framkvæmd reglnanna.

11.gr. Brot á reglum.

Brot á reglum þessum skal tafarlaust tilkynna stjórn sjóðsins og eftir eðli brots, skal tilkynna það fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands.

12.gr. Viðurlög

Brot á reglunum geta varðað áminningu eða uppsögn aðila. Brot á ýmsum ákvæðum reglnanna geta falið í sér brot á lögum um verðbréfavíðskipti og getur starfsmaður því sætt viðurlögum skv. þeim, sbr. XV. kafla laganna.

13.gr. Gildistaka og birting

Reglur þessar taka gildi við undirritun stjórnar Brúar lífeyrissjóðs og að fenginni staðfestingu fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands samkvæmt lögum. Stefnan er birt á vef sjóðsins.

Samþykkt á stjórnarfundum þann 9. september 2024

Viðauki I

Yfirlýsing

Ég undirrituð/aður hef kynnt mér og maka mínum efni Verklagsreglna um verðbréfavíðskipti stjórnar- og starfsfólks Brúar lífeyrissjóðs sem dagsettar eru þann 9. september 2024 og heiti því að virða þær reglur í hvívetna.